

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS · AKUREYRI
(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)
P.O. BOX 180 · IS-602 AKUREYRI · ICELAND

VEGAGERÐ UM TJÖRNES - GRJÓTNÁM Í SJÓNARHÓL

GREINARGERÐ TIL VEGAGERÐARINNAR, AKUREYRI

Halldór G. Pétursson
jarðfræðingur

Akureyri, september 1995

Þann 28. ág. s.l. voru boraðar nokkrar könnunarholur í Sjónarhól á Tjörnesi, en hóllinn þykir vænlegur til grjótnáms og vinnslu burðarlags í vegi á nesinu.

Mynd 1 er riss af aðstæðum við hóllinn, en hann er hæstur syðst (101 m y.s.), þar sem hann rís 8-10 m yfir umhverfi sitt. Aflíðandi halli er síðan til norðurs, en þar er hóllinn aðeins um 1 m hærri en móarnir og moldarflögin norðan við.

Hóllinn er á yfirborði gerður úr kubbabergi, en í suður-endanum sést að neðar eru stuðlar. Bergið er nánast bert og jarðvegur aðeins að norðvestanverðu. Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en hóllinn sé gerður úr einu hraunlagi, sem er þétt, hart og ferskt að gerð. Halli hraunlagsins er austlægur, þannig að dýpst er á botn þess við þjóðveginn. Sennilega markar fornt misgengi austurbrúnina. Líklega er leirlag undir hraunlaginu.

Líklega eru um 50-70.000 m³ af vinnanlegu bergi í hólnum. Landeigandi (Ísólfsstaðir) óskar eftir að hóllinn haldi sér að sunnan og vestanverðu, en þar er líka mælipunktur frá Landmælingunum. Hóllinn verður því að vinna til austur, en það getur skapað nokkra erfiðleika þar sem lagið er "dýpst", nyrst og austast, þar sem hóllinn er lægstur. Hugsanlegt að hægt sé að rippa kubbabergið í efsta hluta hólsins og er rétt að kanna það áður en vinnsla hefst. Rétt er að hafa í huga að jarðsími er í vegkanti norðan við hóllinn. Mikilvægt er að efnisvinnsla fari fram í samráði við landeiganda. Að lokum má geta þess að nær bænum á Ísólfsstöðum, í túnnum og úthaga norðan við bæjarhúsin eru berggrunnshólar. Efnisgerð þessara hóla hefur ekki verið könnuð, en rétt er að hafa þá í huga ef frekari efnisvinnsla er nauðsynleg.


HOLA 1: Nyrst á hólnum og á lögsta hluta, ca. 3 m yfir móum. Farið niður 11.5 m og ekki komið í gegn, kubbaberg nær sennilega niður á 2 m, eftir það líklega stuðluð klöpp. Neðsti 1 m kargi eða e.t.v. kubbur.

HOLA 2: Vestast á holti (180 m V frá holu 1), rétt ofan við móa. Til suðurs hækkar hóllinn um 6-7 m. Jarðvegur 0.5 m ofan á klöpp, borað 4 m í klöpp og þá niður úr henni.

HOLA 3: Farið 40 m til baka til austurs (140 m frá holu 1), moldarflag beint norðan við. Hóllinn sunnan við er 4 m hærri, en borstaður. 1-1.5 m jarðvegur ofan á klöppinni, borað í gegnum klöppina á 8 m dýpi. Kargi efst og neðst, góð klöpp 5-6.5 m.

HOLA 4: Á suðvesturbrún hólsins (120 m S frá holu 3), 8-10 m yfir móum. Hóltoppurinn er 2 m hærri en borstaður og er kubbaberg á toppi. Á 8 m dýpi var borað í gegnum lagið og eru neðstu 2 m sennilega kargi eða kubbur.

HOLA 5: Á suðausturbrún hólsins (50 m A frá holu 4, 195 m S frá holu 1), 6-7 m yfir vegi. Kubbur nær sennilega niður á 4-4.5 m dýpi. Farið niður 11 m og þá talið að farið sé að nálgast botninn á hraunlaginu.



Mynd 1 Riss af aðstæðum við Sjónarhól á Tjörnesi. Hóllinn er hæstur og brattastur við mælipunktinn syðst, þaðan er halli aflíðandi til norðurs.

- ①: Staðsetning könnunarholu 11 m: Þykkt klappar
 △: Mælipunktur (101 m y.s.)